

MATARHLÉ

Stefán Gunnarsson bauð upp á gæs í síðasta tölublaði og skoraði á Þorgerði Guðlaugsdóttur aðstoðarskólastjóra í Giljaskóla að bjóða okkur upp á eitthvað gott. Hér koma tvær brauðuppskriftir frá Þorgerði sem eru góð tilbreyting eftir allar jólasnákókkurnar.



Rúnstykki

Hráefni: Aðferð:

5 dl volgt vatn
50 gr (einn pakki) þurrger
8 dl hveiti
1 ½-2 dl hveitiklið
1 dl sesamfræ
1-2 msk hörfræ
1 msk kúmen
1-2 egg
5 msk matarolla
2 tsk sykurl
1 ½ tsk salt

Allt sett saman í skál og hrært (gott að geyma smá hluta af hveitinu). Látið hefast á volgum stað undir klút. Gott að miða við að deigið stækki um helming. Hnoðað aftur og afgangurinn af hveitinu hnoðaður uppí. Betra er að hafa deigið ekki of þurr. Þá eru mótaðar bollur og þær settar á bökunarplötur til að hefast aftur í smá tíma undir klút. Bakað í 180 – 200°C heitum ofni í u.þ.b. 12 -15 mín. eða þangað til bollurnar eru farnar að fá fallegan brúnan lit að ofan. Úr þessari uppskrift fást 25-30 bollur.

Marsipanflétta

Hráefni: Aðferð:

2 dl volg mjólk
50 gr (einn pakki) þurrger
600 gr hveiti
1 msk sykurl
½ tsk salt
½ tsk kardimommukrydd
2 egg
200 gr brætt smjör
Fylling:
150 gr marsipan
125 gr sykurl
125 gr smjör
75 gr rúsinur
1 egg til að pennsla með
Saxaðar möndlur

Léttþeytið egg og blandið svo öllu saman í skál en geymið hluta af hveitinu. Hnoðið saman þangað til deigið er mjúkt. Látið hefast á volgum stað undir klút í u.þ.b. ½ klst. Hnoðið aftur og þá má bæta meira hveiti við ef þarf. Skiptið í þrjá hluta. Fletjið hvern bita út í u.þ.b. 10-15 sm að stærð. Fyllingin er sett á bitana eftir miðjunni. Skáskornar eru 8 – 10 rendur í deigið á hvorri hlið, sem síðan eru fléttaðar yfir fyllinguna. Lengjurnar eru settar á bökunarpappír, penslað yfir með eggji og söxuðum möndlunum stráð yfir. Látið hefast undir klút í u.þ.b. ½ tíma á volgum stað. Bakað í 15-20 mín. við 250°C hita.

Marsipanið rífið og hrært saman við smjör, sykurl og rúsinur.

GOTT AÐ VITA

Launaseðlar aðgengilegir í heimabankanum

Starfsfólk Akureyrarbæjar getur nú skoðað launaseðlana sína í heimabankanum sínum. Með netlaunaseðlum eru launaupplýsingar birtar í netbönkum starfsmanna, þannig liggja engar trúnaðarupplýsingar á viðavangi ásamt því að peningar og tími sparast. Þar fyrir utan spörum við pappír og aðferðin telst því mjög umhverfisvæn.

Með þessu móti hafa launþegar aðgengilegt yfirlit yfir launaseðla sína aftur í tíma og einnig er ljóst að þessi aðferð minnkar verulega líkurnar á því að launaupplýsingar berist í rangar hendur.

Í heimabönkum Landsbankans, KB-banka og Sparisjóðanna eru hnapparnir eða valorðin þau sömu, fyrst er valið **Yfirlit**, síðan **Rafræn skjöl**, síðan **Tegund** og loks er valin tegundin **Launaseðlar**. Í heimabanka Glitnis er valið **Yfirlit** og síðan **Netyfirlit**, síðan **Tegund** og loks **Launaseðlar**.

Ef starfsfólk vill afþakka útprentaða launaseðla þurfa viðkomandi að hafa samband við starfsmannþjónustu Akureyrarbæjar, annað hvort í síma 460 1065 eða með tölvupósti á netfangið skraning@akureyri.is.



Útgefandi: Akureyrarbær

Ritstjóri: Ragnar Hólm Ragnarsson & Hrafnhildur Reykjalin

Ritnefnd: Ingunn Helga Bjarnadóttir, Ragnar Hólm,

Sóley Helga Björgvinsdóttir og Þórgnýr Dýrfjörð

Netfang: akureyri@akureyri.is

Hönnun og umbrot: Stíll - Prentun: Ásprnt

Innanbæjar KRÓNÍKA

Gledileg jól

6. töl. 1. árg. STARFSMANNAFRÉTTIR AKUREYRARBÆJAR Desember 2006



Nokkrir starfsmenn Akureyrarbæjar á góðri stundu.

KVEÐJA FRÁ BÆJARSTJÓRA

Ég hef verið bæjarstjóri á Akureyri frá því í júní 1998 og notið þess að vinna með samhentum og frábærum hópi starfsmanna bæjarins.

Á þessum tæpu níu árum hefur margt breyst í bænum okkar. Segja má að hér hafi flest horft til betri vegar og fólki aukist hjartansýni. Íbúum hefur fjölgað umtalsvert, framkvæmdir hafa verið miklar og verða mun meiri í nánustu framtíð.

Það er staðföst trú mín að Akureyri og Eyjafjörður eigi framtíðina fyrir sér. Með atorku, hjartansýni og samstilltu átaki mun okkur takast að gera svæðið ennþá vænlegra til búsetu en það er nú þegar, festa gott mannlíf enn frekar í sessi og renna traustari stoðum undir atvinnulífið.

Nú þegar ég hverf úr bæjarstjórástólnum þann 9. janúar 2007 vil ég þakka starfsfólki Akureyrarbæjar fyrir gott og farsælt samstarf á liðnum árum. Ég veit að þið munuð halda áfram að starfa kröftuglega í þágu bæjarins og halda merki Akureyrar á lofti hvar sem þið komið.

Gledileg jól og farsælt komandi ár

Kristján Þór Júlíusson

GAMLA MYNDIN



Myndagetraunin okkar hefur mælst mjög vel fyrir hjá lesendum og við höldum að sjálfsögðu ótrauð áfram í góðu samstarfi við Minjasafnið á Akureyri. Spurningin er ef til vill í léttari kantinum að þessu sinni en við spyrjum einfaldlega: Hvar er myndin hér að ofan tekin?

Sendið okkur rétt svar sem fyrst á akureyri@akureyri.is merkt „Myndagetraun Innanbæjarkrónikunnar“. Í verðlaun fyrir rétt svar er að þessu sinni leikhúsférféð fyrir tvo að sjá verkið Svartur köttur hjá Leikfélagi Akureyrar.

Getraunin í síðasta tölublaði var líklega nokkuð strembin en þar spurðum við um nafnið á konu sem starfaði á barnaheimilinu Pálmholti og sást á mynd frá sjöunda áratugnum með nokkrum þrúðum krökkum sem höfðu stillt sér upp í röð. Konan heitir Jófríður Traustadóttir. Dreigið var úr réttum svörum og upp kom nafn Þórhildar Sigurbjörnsdóttur hjá starfsmannaþjónustu Akureyrarbæjar.



Ragnar Hólm Ragnarsson, ritstjóri Innanbæjarkrónikunnar, afhentni Þórhildi Sigurbjörnsdóttur tveggja daga kort í Hlíðarfjall í verðlaun fyrir rétt svar við myndagetraun síðasta tölublaðs.

SJÁLFSAGÐIR HLUTIR

Hundrað þúsund baðkór í Hlíðarfjalli!

Það er ekki sjálfsagt mál að geta gengið að glæstum og vel troðnum skíðabrekkum steinsnar frá heimili sínu. Við þá dásemd búa Akureyringar. Og sem kunnugt er þá hefur verið sett upp snjóframleiðslukerfi í Hlíðarfjalli, en færri vita hvernig það virkar og hvaða vinnu það kostar að hafa brekkurnar tilbúnar að morgni dags.

Snjóframleiðslan fer þannig fram að að vatni er dælt undir þrýstingi að snjóbyssum, sem þeyta vatninu í loft upp þar sem það kristallast og fellur til jarðar sem snjór. Til að hægt sé að framleiða snjó þarf lofthiti að vera undir frostmarki. Þá er unnið allan sólarhringinn á vöktum við framleiðsluna og snjónum kyngir úr vélunum.

Vatnið í framleiðsluna kemur úr uppistöðulóni sem er um 20.000 rúmmetrar sem samsvarar um 100.000 meðalstórum baðkerum eða um 50 sundlaugum sem eru 25 x 8 metrar! Vatninu er dælt úr dæluhúsi í tvær öflugar háþrýstidælur sem dæla 80 lítrum á sekúndu um lagnakerfið með 63 kg. þrýstingi. Það þýðir að óhindruð vatnssúla gæti staðið 630 metra beint upp í loftið.

Heilmikil pípuögn liggur um fjallið til flytja vatnið að snjóbyssunum en kerfið er samtals um 2,4 kílómetrar að lengd. Sú vegalengd er svona eins og frá Ráðhúsinu upp Oddeyrargötuna, Þingvallastræti, Hlíðarbraut og að gámasvæðinu við Réttarhvammi.

Að sögn Guðmundar Karls Jónssonar forstöðumanns í fjallinu geta býsna margar vinnustundir starfsfólks legið að baki vel heppnuðum degi í brekkunum. Þegar mest gengur á eru þeir troðarar að störfum næturlangt.



HVAÐ ERTU AÐ GERA?



Friðjón Erlendsson er starfsmaður hjá Plastiðjunni Bjargi-Íðjulundi. Hann hefur starfað við ýmis störf hjá Akureyrarbæ síðan 1986 og sinnir, eins og hann segir sjálfur, „þeim verkum sem vinna þarf hverju sinni“. Við báðum Friðjón að segja lesendum Krónikunnar ofurlítið af sjálfum sér og lögðum fyrir hann fáeinar klassískar spurningar.

Hvað ertu að gera? Nú er ég að ganga frá rofadósnum.

Hvaðan ertu? Ég er fæddur og uppalinn á Reyðarfirði en hef verið Akureyringur síðan 1967.

Fjölskylduhagir? Giftur og á einn son.

Helstu áhugamál? Félagsmál, ég er í stjórn Daufblindrafélags Íslands og sinni öðrum félagsstörfum.

Hvað er best við Akureyri? Gróðurfarið og veðursældin. Bærinn er umhverfisvænn. Hér er að finna margar góðar gönguleiðir og fleira í þeim dúr.

Hvað finnst þér skemmtilegast? Fara í góðar gönguferðir.

Hvað fer mest í taugarnar á þér? Bílar sem lagt er á gangstéttum.

Upphaldstónlist? Harmonikku- og dægurlagatónlist.

Upphaldsmatur? Þorramatur.

Upphaldsbókin? Engin sérstök. Ég les lítið en hlusta meira á hljóðbækur.

Bíó eða ball? Ég get lítið farið í bíó og fer þá frekar á böll því mér finnst gaman að dansa.

Ef þú ættir einn draum sem myndi rætast...? Þá kysji ég að fara í gönguferð um Hornstrandir eða eignast jeppa til að ferðast um landið. Eins væri gaman að eiga sumarbústað í skóglendi þar sem væri lítið stöðuvatn eða tjörn. Það er svo margt sem maður getur látið sig dreyma um.